



Beiðni um styrk vegna gjalda

Tankur menningarfélag og Ísafjarðarbær gerðu með sér samning um uppbyggingu útilistaverksins Tankur í maí 2020. Um er að ræða samstarfsverkefni þar sem Tankur menningarfélag sér um hönnun, smíði og fjármögnun verksins, en afhendir það svo sveitarfélaginu til eignar og umsjónar þegar fimm ár eru liðin frá verklokum.

Skyldur sveitarfélagsins samkvæmt samningnum er að leggja til lóðina að Sjávangötu 16 á Þingeyri og greiða alls kr. 8.000.000 sem styrk inn í verkefnið. Framlagið greiðist í áföngum, gegn útgáfu reiknings, þannig að við upphaf framkvæmdar greiðast kr. 3.000.000, eftir útgáfu byggingarleyfis er greitt kr. 1.500.000, eftir úttekt byggingarfulltrúa á burðarvirki er greitt kr. 1.500.000 og eftir lokaúttekt byggingarfulltrúa er greitt kr. 1.000.000.

Verklök fyrsta verkhluta voru áætluð 1. desember 2020 sem er bygging Tanks og grófur frágangur á lóð í kring, annars hluta 1. desember 2021 sem er fínfrágangur á lóð, og þriðji hluti, nýting á Tanki sem útilistaverki fyrir skólabörn, almenning og ferðafólk er áætlað að ljúki 2025. Verkáætlun hefur ekki staðist en skv. upplýsingum frá Wouter, f.h. félagsins, er staðan sú að bygging tanksins er nánast lokið og áætlað að ljúki að fullu vorið 2022. Vonast er eftir því að fínfrágangi á lóð ljúki sumarið 2022, en þó er horft til tengdra mála, s.s. nýs aðalskipulags Ísafjarðabæjar og að fá arkitekt til hönnunar á útisvæðinu. Þá er vonast til þess að full nýting geti hafist sumarið 2022, þótt einstökum þáttum varðandi hönnun, lýsingu og aðliggjandi umhverfi verði ekki lokið.

Í erindi Wouter Van Hoeymissen er óskað eftir niðurfellingu á afgreiðslugjaldi, byggingarleyfisgjaldi og gatnagerðargjaldi. Rétt er að félaginu hafa verið sendir tveir reikningar, annars vegar byggingarleyfisgjald og hins vegar gatnagerðargjald, alls kr. 2.636.786. Reikningarnir hafa verið greiddir og er því litið svo á að umrædd beiðni varði umsókn um styrk að fjárhæð kr. 2.636.786. Ekki er gert ráð fyrir þessu fjármagni í fjárhagsáætlun.

Óskar er afstöðu bæjarráðs og bæjarstjórnar til erindisins.